



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Hólaborg

2026 – 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra	3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026	5
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	8
4. Starfsþróunarsamtöl.....	11
5. Fræðsla almennt út frá umbótaáttum leikskólans	12
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	12
7. Fjölskyldusamstarf.....	14
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal	15
9. Þróunarverkefni.....	15
10. Fylgiskjöl:	16
Innra mat deilda 2025-2026.....	16
Innra mat Krummadeildar 2025-2026.....	16
Innra mat Spóadeildar 2025 - 2026.....	18
Innra mat Lóudeildar 2025-2026.....	20
Umbótaáætlun deilda 2026-2027	22
Umbótaáætlun Krummadeildar	22
Umbótaáætlun Spóadeildar	25
Umbótaáætlun Lóudeildar	28





1. Greinargerð leikskólastjóra

Endurmat vísar okkur veginn í leikskólanum. Óformlegt mat frá degi til dags og markviss endurmatsáætlun leiðir okkur áfram. Það þarf þó alltaf að reikna með breytingum og þá er mikilvægt að hafa vilja og getu til að breyta. Þessi tvö hugtök tengjast eins og svo margt annað.

Þannig er skráning einnig mikilvæg, að hver og einn gefi sér tíma til að hlusta og horfa. Símat og skráningar dags daglega gefa okkur tækifæri til að meta hvað á sér stað og hvernig best er að bregðast við aðstæðum hverju sinni. Í leikskólanum eiga raddir barna og fjölskyldna þeirra að heyrast og það er hlutverk starfsfólksins að bregðast við, skrá og meta og mögulega breyta og bæta.

Leikurinn hefur verið áhersluþáttur okkar við endurmat í vetur eins og fyrri tvö ár þar á undan. Með fræðslu, ígrundun og gagnrýni höfum við skoðað hvernig kennarinn, umhverfið og barnahópurinn hefur þýðingarmiklum hlutverkum að gegna í leik barna. Þessi vinna hefur skilað auknum skilningi í starfsmannahópnum og haft áhrif á sýn margra á mikilvægi leiks í lífi barna. Núna erum við að skoða hlutverk barnahópsins, vináttu og inngildi ásamt því að fræðast um leiðir sem hjálpa börnum að læra að leika sér og að leika við aðra.

Stjórnendateymi ásamt stuðningsfulltrúa hefur rýnt í sérkennslu leikskólans og hefur verið að endurmeta starfshætti við sérkennslu. Með nokkrum breytingum og góðu skipulagi hafa störf okkar orðið skilvirkari og starfsfólk orðið hæfara til að mæta þörfum einstakra barna.

Snemmtæk íhlutun er fyrir öll börn. Það er áhersla hvers árs að efla málrækt í leikskólanum og nýta vel alla þá þekkingu sem við búum yfir. Í samstarfi við fjölskyldur okkar getum við stutt vel við máltöku barna og skimað stöðu hvers og eins, brugðist við á markvissan hátt með gagnvirkum leiðum sem örva málskilning, framburð og orðaforða. Það er ekki síður mikilvægt að við nýtum snemmtæka íhlutun til að grípa börn sem þurfa hvatningu eða íhlutun í félagslegum samskiptum en oft tengjast þessir þættir ásamt því að hafa áhrif á hegðun þeirra.

Á næsta ári á Hólaborg stórafmæli og einnig er áætlað að leikskólinn stækki og það verði fjölgun á börnum. Jarðvegsvinna er þegar hafin en það mun skýrast síðar hvenær þessar breytingar munu verða að veruleika. Í vetur höfum við undirbúning fyrir breytingar og gerðum endurmat á búnaði í leikskólanum, hugmyndum og viðhorfum starfsfólks hvað þetta varðar. Einnig voru símatþættir Hólaborgar endurmetnir í vetur eins og árin á undan.

Í ár höfum við einnig endurmat á Námskrá Hólaborgar. Þetta er viðamikilið endurmat en okkur miðar vel áfram og við sjáum fram á að ljúka því á þessu ári.

Með efni sem við höfum unnið út frá fræðslu frá þriðja aðila eða sótt úr útgefnu efni höfum við útbúið glærukynningar fyrir starfsfólk. Markmiðið er að bjóða upp á skýra fræðslu sem hentar öllum starfsmannahópnum. Í ár fjölluðum við um forvitni og fagmennsku, um mikilvægi þess að vera forvitin um einstaklingseðli hvers og eins og skoða eigin viðhorf og sýn gagnvart þeim börnum og fjölskyldum þeirra sem við erum að starfa með hverju sinni. Glærukynningar á borð við þessa hefur auðveldað okkur að endurmeta þá þætti sem við teljum mikilvæga í starfinu og við eigum nú þegar nokkuð af kynningum sem við höfum nálgast úr bókum eða öðru útgefnu efni frá þriðja aðila.



Átak í lestri í Hólaborg hefur skilað góðum árangri og það er ánægjulegt að sjá hvernig starfsmenn leikskólans nýta ekki bara lestundir heldur einnig tækifærin til að lesa bæði fyrir litla hópa og fyrir einstaklinginn. Við fórum í námsferð til Kaupmannahafnar og ásamt því að skoða leikskóla fengum við góða kynningu á læsisáætlun á bókasafni þar. Þetta var bæði spennandi og skemmtilegt húsnaði og merkileg nálgun gagnvart læsi heillaði allan starfsmannahópinn.

Í endurmatsáætlun fyrir næstu þrjú ár ætlum við að bæta nálgun okkar og leiðir við endurmat *með börnum* þar sem hlustað er á raddir barna.

Ég er í ár eins og fyrri ár stolt af starfmannahópnum í Hólaborg. Við eru litríkur og samstilltur hópur sem hefur með litlum breytingum starfað lengi saman. Samstarfið er náíð og þolinmæði, umburðalindi, gleði og frelsi einkenna viðmót starfsmanna gagnvart börnunum í Hólaborg.

Í ár bættust við tveir starfsmenn í hóp þeirra sem lokið hafa menntun í leikskólakennarafræðum og einn til viðbótar hyggur á nám í haust. Fjórir starfsmenn hafa verið í íslenskukennslu í vetur.

Ég þakka fjölskyldum okkar fyrir samstarfið í vetur sem hefur einkenst af skilningi, hlýju og velvilja í okkar garð.

Sigrún Grétarsdóttir

Leikskólastjóri Hólaborg





2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat	Innra mat er samfíð daglegu starfi leikskólans og eflir þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu
Hvað var metið	Snemmtæk íhlutun / sérkennsla
Hvernig fór matið fram	Rýnihópur á fundum.
Hverjir tóku þátt í matinu	Stjórnendateymi og sérkennslukennarar.
Helstu niðurstöður mats Styrkleikar	Snemmtæk íhlutun og sérkennsla í Hólaborg hefur farið fram á misjafnan hátt á milli deilda og ábyrgðin verið í höndum deildarstjóra og stuðningaðila. Áherslur hafa verið á einstaklingsáætlun barna. Inngilding, virðing, jákvæð samskipti og samvinna eru gildi sérkennslu leikskólans og markmiðin eru skýr. Sérkennsluteymi vinnur náið saman og verið er að vinna að sérkennslustefnu leikskólans og markvissri áætlun.
Tækifæri	Samræma á milli deilda þær leiðir sem farnar eru við sérkennslu og áætlun sýnileg. Kynna ferli snemmtæktrar íhlutunar fyrir öllu starfsfólki og ferlið gert sýnilegt.
Hvað var metið	Leikur og málrækt / námskrá
Hvernig fór matið fram og hverjir tóku þátt í því	Allt starfsfólk leikskólans tók þátt í samræðum í hópum um leikmarkmið í námskrá leikskólans og spurningarlistum var svarað.
Helstu niðurstöður mats Styrkleikar	Það er samræmi og skilningur á mikilvægi leiks og markmiðum með honum. Leiðirnar eru settar skýrt fram í námskránni.
Tækifæri	Aukin vitneskja um mikilvægi málræktar í leiknum. Endurnýja myndir í námskrá sem útskýra þessar leiðir og gera þær sýnilegar.
Hvað var metið	Barnahópurinn / vinátta
Hverjir tóku þátt í matinu og hvernig fór það fram	Rýnihópur allt starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats Styrkleikar	Starfsfólk er sammála um að vinátta og kærleikur er áberandi í barnahópnum og að börnin sýni hvort öðru umhyggju. Leikurinn er






Tækifæri	áberandi auðveldur og ágreiningur lítill. Vináttutengsl eru djúp á milli ákveðinna barna en minni hjá öðrum. Auka notkun á vináttu – og tengslakönnun.
Hvað var metið	Stækkun/breyting/áskoranir
Hverjir tóku þátt í matinu og hvernig fór það fram	Allt starfsfólk svaraði spurningarlistum í litlum hópum.
Helstu niðurstöður mats	Spurt 1. Hvað viljum við halda áfram að gera/halda í þegar Hólaborg stækkar? 2. Hvað viljum við gera meira af, bæta, efla eða styrkja? 3. Hvað viljum við gera minna af eða skilja eftir? Svarað 1. Það var bæði ánægjulegt og merkilegt hvað áhersluatriðin og svörin voru lík á milli hópana. Starfsfólk talaði um jákvæð samskipti, hlýju, samvinnu, sveigjanleika, hómor og gleði. Einnig kom fram að það væri alltaf hægt að fá aðstoð og hjálp. 2. Þegar talað var um hvað mætti gera meira af eða bæta kom fram að margir vildu fá meiri þjálfun og leiðsögn í starfinu. Einnig má bæta upplýsingarflæði og það þarf að skipuleggja þennan þátt vel þegar að stækkun skólans kemur. Margir voru sammála um að tími og vettvangur fyrir hugmyndir og samræður þyrfti að vera meiri. Einnig samræður um hvernig uppbyggileg gagnrýni á sér stað. Margir vilja meiri fræðslu um erfiða hegðun barna. 3. Forðast streitu og kvartanir. Forðast neikvæða og tilgangslausa umræðu í leikskólanum.

Ytra mat	Utanaðkomandi aðili metur þætti sem viðkoma starfinu
Hvað var metið	Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar og Sameykis
Hverjir tóku þátt í matinu og hvernig fór matið fram	Allt starfsfólk fékk matið sent á reykjavíkurnetfangið sitt.



Helstu niðurstöður mats	Tilgangur könnunarinnar er að efla starfsumhverfi starfsfólks borgarinnar og niðurstöður eru nýttar í umbótastarf í stjórnun, samskiptum og starfsumhverfi. Helstu niðurstöður að þessu sinni voru mjög áþekkar fyrri könnun. Margir mikilvægir þættir starfsins voru kannaðir og á heildina litið eru niðurstöður áþekkar fyrri könnun og koma vel út. Jafnræði, fjölbreytni og sveigjanleiki á starfsstaðnum ásamt því að hann hafi góða ímynd og sé traustur eru þættir sem eru styrkur okkar svo eitthvað sé nefnt. Aðstæður húsnæðis, hljóðvist og loftgæði eru þættir sem þarf að bæta. Könnunin veitir okkur einnig innsýn í að það er vilji til að ná betri tökum á ýmsum þáttum í starfinu eins og að hafa skýrari markmið og aukið sjálfstæði.
Hvað var metið	Fagumhverfiskönnun / Reykjavíkurborg
Hverjir tóku þátt í matinu og hvernig fór matið fram	Allt starfsfólk fékk matið sent á reykjavíkurnetfangið sitt.
Helstu niðurstöður mats	Þar sem svörun hjá okkur var með færri en sjö svör var ekki unnt að gera sérstaka niðurstöðuskýrslu fyrir leikskólann.





3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Innra mat	Í Umbótaáætlun felast úrbætur í því að aðlaga námsumhverfið og námsaðferðir að þörfum barnanna
Umbótaþáttur	Snemmtæk íhlutun / sérkennsla
Tækifæri til umbóta	Að starfsfólk þekki vel hvað felst í hugtökunum inngilding og fullgildi.
Hvaða árangri er stefnt að	Að allt starfsfólk þekki gildi og markmið sérkennslu í Hólaborg og ferli snemmtækrar íhlutunar. Að samræma vinnubrögð allra deilda í stuðningi við einstök börn.
Aðgerðir til umbóta	Sérkennslustefna Hólaborgar kynnt á starfsmannafundi.
Hvernig á að framkvæma það	Fræðsla með glærukynningu sem unnin er út frá fyrirlestrinum <i>Allir með</i> , höfundur Anna Magnea Hreinsdóttir.
Ábyrgð	Stjórnendateymi.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok	September – desember.
Hvenær og hvernig á að meta	Desember. Rýnihópur.
Viðmið um árangur	Sérkennslu-stefna tilbúin ásamt áætlun fyrir allar deildir þar sem skipulag og samræmi er á milli deilda um snemmtæka íhlutun.

Innra mat	Í Umbótaáætlun felast úrbætur í því að aðlaga námsumhverfið og námsaðferðir að þörfum barnanna
Umbótaþáttur/matsþáttur	Leikur og námskrá
Tækifæri til umbóta	Starfsfólk nýtir eftir bestu getu tækifæri í leik með börnum til að nota leiðir samkvæmt námskrá sem örva málþroska barna.
Hvaða árangri er stefnt að	Myndir sem sýna leiðir samkvæmt námskrá eru gerðar myndrænar á deildum. Innleiða <i>Orð eru ævintýri</i> . Setja <i>Gæðamálörvun</i> aftur inn með nýjum og skýrum myndum og setja í símat.
Aðgerðir til umbóta	Hver deild skoðar markmiðin og rýnir í leiðirnar samkvæmt námskrá.
Hvernig á að framkvæma það	Tekur myndir af starfinu eða velur úr myndum sem til eru sem sýna myndrænt hverja leið fyrir sig.





Ábyrgð	Deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok	September – desember.
Hvenær og hvernig á að meta	Desember. Rýnihópur á hverri deild.
Viðmið um árangur	Á öllum deildum eru myndir á veggjum sem skýra vel út þær leiðir sem leikskólinn fer til að ná markmiðum sínum hvað varðar leik barna og málrækt.

Innra mat	Í Umbótaáætlun felast úrbætur í því að aðlaga námsumhverfið og námsaðferðir að þörfum barnanna
Umbótaþáttur	Barnahópurinn / vinátta
Tækifæri til umbóta Hvaða árangri er stefnt að	Að gerð sé vinátta og tengslakönnun á eldri deildum tvisvar sinnum á ári fyrir foreldrasamtöl og að þær fari inn í símatið okkar. Gera áætlun fyrir vinátta- og tengslakannanir.
Aðgerðir til umbóta Hvernig á að framkvæma það	Búin til áætlun fyrir hvert ár og þessi liður er settur í símats áætlun leikskólans.
Ábyrgð	Deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok	Janúar – maí.
Hvenær og hvernig á að meta?	Janúar – maí.
Viðmið um árangur	Til sé tengslakönnun eða vináttukönnun fyrir öll börn á eldri deildum á hverju ári.

Innra mat	Í Umbótaáætlun felast úrbætur í því að aðlaga námsumhverfið og námsaðferðir að þörfum barnanna
Umbótaþáttur/matsþáttur	Stækkun/breyting/áskoranir
Tækifæri til umbóta Hvaða árangri er stefnt að	Aukið upplýsingarflæði. Aukinn tími fyrir samræður um nýjar hugmyndir og fagmennsku í leikskólastarfi.





	Aukinn tími fyrir samræður um forvitni og lausnarmiðað starf.
Aðgerðir til umbóta	Búa til verklag um upplýsingarflæði.
Hvernig á að framkvæma það	Búa til vettvang fyrir hugmyndabanka sem allir starfsmenn hafa aðgang að. Aukin tími til samræðna í starfsmannahópnum sett í skipulag fyrir efni á starfsdögum.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok	Haust – vor.
Hvenær og hvernig á að meta	Endurmat með spurningarlistum og samræðum á starfsmannafundi.
Viðmið um árangur	Kafla um upplýsingarflæði settur í handbók starfsmanna. Kafla um fagmennsku í leikskólastarfi settur í handbók starfsmanna. Þýddar málsgreinar úr bókinni <i>Improving Your Reflective Practice through stories of Practitioner</i> og gerðar sýnilegar á veggjum leikskólans. Fjallað um sjálfstæð vinnubrögð í starfsþróunarsamtölum.

Ytra mat	Utanaðkomandi aðili metur þætti sem viðkoma starfinu
Umbótaþáttur/matsþáttur	Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar og Sameykis Fagumhverfiskönnun/Reykjavíkurborg
Tækifæri til umbóta	Að auka hlutfall þátttöku starfsmanna við ytra mat.
Aðgerðir til umbóta	Stjórnendateymi skipuleggur tíma og rými til að starfsfólk hafi tækifæri til að svara könnuninni. Í framhaldi af því verði niðurstöður kynntar og starfsmannahópurinn nýtir þær til að styðja við þróun og umbótastarf.
Ábyrgð	Stjórnendateymi.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok	Þegar næsta viðhorfskönnun verður send.
Hvenær og hvernig á að meta	Þegar svörunarhlutfall kemur í ljós.
Viðmið um árangur	90 % starfsmanna svarar könnun.





4. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl eru að þessu sinni í maí og júní. Vanalega eru þau að hausti til en vegna breytinga fram undan og innleiðingar á nýjum vinnutíma var þeim frestað til vors. Á þessu ári fjalla samtölin um áskoranir við breytingar og um vinnutíma starfsfólks. Leikskólastjóri tekur öll samtöl að þessu sinni en á næsta ári verða deildarstjórar með samtöl við starfsfólk deilda og stjórnandi við stjórnendateymi.



5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

- Leikskólinn fær fræðslu um *Regnbogavottun*
- Orð eru ævintýri
- Endurmat barna - fjölbreyttar leiðir
- Leikskólaráðstefna
- Tónlist í leikskóla
- Íslenskukennsla fyrir starfsfólk
- Ferli snemmtækrar íhlutunar
- Heilsueflandi leikskóli
- Græn skref

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Hólabrekkuskóli er hverfisgrunnskóli flestra barna í Hólaborg og samstarfsskóli okkar. Markmið samstarfsins er að börnin kynnist grunnskólanum og séu öruggari þegar kemur að byrjun grunnskólagöngu og að fyrrverandi nemendur okkar fái tækifæri til að koma í gamla leikskólann sinn og hitta félagi og kennara. Áætlun í samvinnu við Hólabrekkuskóla, Hraunborg og Suðurborg er hér fyrir neðan. Að vori er skilafundur milli leikskóla og grunnskóla þar sem deildarstjóri elstu barna og sérkennslustjóri hitta kennara fyrsta bekkjar og deildarstjóra yngsta stigs. Þar eru ræddar þarfir og staða barnanna í námi og þroska, áhugasvið og styrkleikar koma fram ásamt niðurstöðum úr skimun. Hólaborg, Suðurborg og Hraunborg eru samstarfsleikskólar. Við eigum samstarf um dag leikskólans, sumarhátíð og útskriftarferð. Einnig erum við með samstarf á starfsdögum með námskeið eða fræðslu sem hæfir öllum, til dæmis skyndihjálparnámskeið starfsfólks og heimsókn umferðalögreglu til elstu barnanna. Við leigjum saman rútur og vinnum saman að ýmsum stefnumótun og áætlunum. Vilji er til að auka enn meira samstarf á milli skólanna á næsta ári og auka samverustundir elsta árgangsins.





Samstarfsáætlun:

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
2. október Kl. 10:10	Útiheimsókn frá 1. bekk Hólabrekkuskóla	Hólaborg	Deildarstjóri á Krummadeild
20. október Kl. 08:40	Heimsókn í sal í Hólabrekkuskóla	Hólabrekkuskóli	Deildarstjóri á Krummadeild
2. - 6. nóvember Kl. 10:00	Skoðunarferð um Hólabrekkuskóla	Hólabrekkuskóli	Deildarstjóri á Krummadeild
16. - 20. nóvember	Dagur ísl. tungu. börn úr 7. bekk lesa fyrir leikskólabörnin	Hólaborg	Deildarstjóri á Krummadeild
26. janúar Kl. 08:40	Heimsókn í sal í Hólabrekkuskóla	Hólabrekkuskóli	Deildarstjóri á Krummadeild
12. febrúar Kl. 9:00	Inniheimsókn frá 1. bekk Hólabrekkuskóla	Hólaborg	Deildarstjóri á Krummadeild
15.- 19. febrúar	Ljóðaverkefni 4. bekkur kemur með ljóð	Hólaborg	Deildarstjóri á Krummadeild
08. – 12. mars	Ljóðum skilað myndskreyttum af leikskólabörnum	Hólabrekkuskóli	Deildarstjóri á Krummadeild
12.- 16. apríl	Heimsókn í kennslustund í Hólabrekkuskóla	Hólabrekkuskóli	Deildarstjóri á Krummadeild
21. apríl Kl. 08:40	Heimsókn í sal í Hólabrekkuskóla	Hólabrekkuskóli	Deildarstjóri á Krummadeild
25. maí Kl. 09:30	Heimsókn í Álfheima	Frístundaheimilið Álfheimar	Deildarstjóri á Krummadeild
07. júní Kl. 9:00	Útiheimsókn frá 1. bekk Hólabrekkuskóla	Hólaborg	Deildarstjóri á Krummadeild



7. Fjölskyldusamstarf

Eitt af markmiðum fjölskyldusamstarfs er að fjölskyldur upplifi að þær geti leitað eftir aðstoð, upplýsingum og stuðningi. Á komandi ári verður lögð sérstök áhersla á þetta markmið og það endurmetið. Upplýsingar eru veittar í tölvupósti, á hurðum, í gegnum Völu, með símtölum, túlkapjónustu, notkun samskiptabóka, skráningum og myndum. Einnig og ekki síður dags daglega í stuttum samtölum þegar komið er með barnið eða það sótt. Allt fer þetta eftir því hvað hentar hverju sinni. Í starfsmannahóp Hólaborgar eru starfsmenn sem deila sama tungumáli og nokkur börn í leikskólanum. Það hefur eflt móðurmál þeirra barna og oft einfaldað samskipti og samráð við fjölskyldur.

Hólaborg er alltaf opin fyrir fjölskyldur barnanna en formlega er þeim boðið tvisvar á ári í opið hús þar sem öll eru velkomin. Á næsta ári eins og ár hvert verðum við með Menningarmót þar sem hver og einn kynnir sína persónulegu menningu.

Foreldrafundir eru í september, þá hittast deildarstjórar og foreldrar/forráðamenn og ræða um starf deildanna og vetrarstarfið er kynnt. Foreldrasamtöl eru minnst tvisvar á ári og við lítum svo á að það sé skyldumæting í annað þeirra. Foreldrasamtöl að hausti eru á öllum deildum í nóvember. Þar er lögð áhersla á góð kynni og gott samstarf við fjölskylduna um hagi barnsins, líðan og þroska. Farið er yfir einstaklingsnámskrá og annað sem foreldrar óska eftir. Einnig er farið yfir niðurstöður skimana þar sem það á við og farið er yfir öryggismöppu hvers barns. Foreldrasamtöl að vori eru í byrjun apríl fyrir öll börn utan elsta árgangsins. Sýnd er ferilmappa barnsins, lögð áhersla á tengslamyndun, vellíðan, styrkleika, hneigð til náms og áhugasvið barnsins. Foreldrasamtöl að vori fyrir elsta árganginn eru í lok apríl. Þá er farið yfir þær upplýsingar sem fara frá leikskóla til grunnskóla.

Í foreldraráði sitja leikskólastjóri og þrír foreldrar sem kosnir eru á foreldrafundi í september. Foreldraráðið hittist einu sinni til tvisvar á önn og ræðir málefni líðandi stundar. Foreldrar geta komið ábendingum til foreldraráðs til dæmis í gegnum tölvupóst eða í gegnum lokaða facebook-síðu foreldrafélagsins. Hlutverk foreldraráðs er að gefa leikskólanum umsagnir um skólanámskrá og starfsáætlun, fylgjast með framkvæmd þeirra og sjá um að þær séu kynntar fyrir öðrum foreldrum og hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu. Foreldraráð fjallar ekki um málefni einstakra barna.

Foreldrar barna í Hólaborg eru aðilar að foreldrafélagi leikskólans, Fuglabjargi. Í góðu samstarfi við starfsfólk og börn tekur stjórn félagsins að sér að bjóða upp á ýmsa viðburði sem brjóta upp leikskólalífið. Skemmtilegir viðburðir eins og sumarhátíð, danskennsla og skemmtilegheit í kringum jól hafa slegið í gegn.



8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Leikskólinn fær úthlutaða sex skipulagsdaga á ári. Á þessum dögum er leikskólinn lokaður fyrir nemendur. Á komandi ári verða þessir dagar:

25. september, 27. nóvember (sameiginlegur með Hólabrekkuskóla), 29. janúar, 8. mars, 27. apríl (sameiginlegur með Hólabrekkuskóla) og 11. júní (sameiginlegur með Hólabrekkuskóla).

9. Þróunarverkefni

Flæði og samþætting	Hólborg hefur verið í þróunarverkefni um <i>Flæði og samþættingu</i> með það að markmiði að auka flæði og skilja flæðishugtakið. Einnig að samþætta starfið og auka skilning á tengslum allra þátta í námi leikskólabarna. Þótt ekki sé lengur um að ræða fjármagnsstyrkt verkefni á leikskólinn mikið til af efni frá þeim árum sem hið eiginlega þróunarverkefni stóð yfir. Við erum enn að nýta það og munum gera áfram. Þetta er efni sem við höfum getað tengt við marga áherslupætti við innleiðingu á Menntastefnu Reykjavíkurborgar.
----------------------------	---



10. Fylgiskjöl:

Innra mat deilda 2025-2026

Innra mat Krummadeildar 2025-2026

Umbótaþættir síðasta skólaárs voru *hlutverk barna: veðurfræðingur og samverustjóri og hópastarf*. Umsjónarmenn og garðstjórar hafa hlotið fastan sess í starfinu á Krummadeild og var vilji og áhugi á að fjölga hlutverkum enn meira. Veðurfræðingur og samverustjóri féll fljótlega niður um haustið vegna leyfis starfsmanna og annarra þátta sem þurftu frekari athygli. Seinni umbótaþátturinn var hópastarf. Í hópastarfi skapast gott svigrúm fyrir virk samskipti, samvinnu og þátttöku allra barna. Hópastarf hefur gengið vel á Krummadeild síðustu ár og var markmiðið að kafa enn dýpra og vinna eftir þeim. Í byrjun hausts 2025 var hópastarfi skipt upp í tvo hópa, eldri og yngri. Tveir og tveir starfsmenn skiptust á að sjá um hópana hverju sinni. Þetta skipulag gekk ágætlega en þó fannst okkur of mikil seta við borðverkefni og of lítið um leikinn sjálfan hjá eldri börnunum í hópastarfi. Nýr deildarstjóri tók við deildinni í janúar 2026. Hópastarfi var breytt úr tveimur hópum í þrjá þar sem mismunandi styrkleikar barnanna fengu að njóta sín óháð aldri. Minni hópar auðvelda starfsfólki að mæta þörfum hvers barns, fylgjast með framförum þess og styðja við nám og vellíðan. Þrír af fjórum starfsmönnum deildarinnar fengu alla hópana til sín einu sinni í viku.



Deildarstjóri fór á milli til að fylgjast með og hjálpa til. Þeir starfsmenn sem sáu um hópastarf fengu því tækifæri til að skipuleggja starfið í kringum þær áherslur sem voru hverju sinni.

Fyrsti umbótaþáttur haustsins er að koma af stað hlutverki veðurfræðings og festa það inn í daglegt starf Krummadeildar. Með hlutverkum eins og umsjónarmanni, garðstjóra og veðurfræðingi upplifa börnin að þau hafi mikilvægu hlutverki að gegna í hópnum. Slíkt ábyrgðarhlutverk eflir sjálfstraust, sjálfstæði og félagsfærni barna, auk þess að styrkja tilfinningu þeirra fyrir þátttöku og lýðræði. Annar umbótaþáttur haustsins verður að þróa áfram hópastarfið sem búið var að mynda eftir að nýr deildarstjóri tók við. Unnið verður að mánaðarlegum þemum í hópastarfi sem fléttast svo í gegnum allt starf deildarinnar. Allir starfsmenn deildarinnar fá að skipuleggja og sinna hópastarfi á fjögurra vikna fresti, þar með talinn deildarstjóri. Í hópastarfinu fá börnin tækifæri til að æfa samskipti, virðingu, samvinnu og þátttöku í hópi. Þetta styður við uppbyggingu jákvæðra tengsla og vináttu. Jafnframt gefst tækifæri til að efla málþroska barna með samræðum, orðaforða og fjölbreyttum tjáningarleiðum sem tengjast þemanu. Þriðji umbótaþáttur haustsins er að koma af stað elstu barnastundum og gefa því elstu börnunum í leikskólanum þá tilfinningu að þau séu á merkum tímamótum á sínu síðasta ári í leikskólanum. Markmið stundanna er meðal annars að efla félagsfærni, samvinnu og vinafærni barnanna, styrkja sjálfstraust þeirra og undirbúa þau fyrir næstu skref í skólagöngunni. Elstu börn Hólaborgar hafa farið í fleiri vettvangsferðir en yngri börn leikskólans og er vilji til þess að gera þetta síðasta ár þeirra enn merkilegra. Með sameiginlegri upplifun, verkefnum og ferðum gefast börnunum aukin tækifæri til að mynda sterk vinatengsl, æfa samskipti og læra að taka tillit til annarra.





Innra mat Spóadeildar 2025 - 2026

Umbótaþættir síðasta skólaárs voru þrír, *umhverfið sem þriðji kennarinn, hlutverk barna í daglegu starfi og hópastarf/Lubbi finnur málbein*. Umbótaþátturinn umhverfið sem þriðji kennarinn gekk vel. Unnið var vel að því að skapa börnunum gott, hvetjandi og eflandi námsumhverfi sem styður við sjálfstæði barnanna og ýtir undir sjálfsprottinn og skapandi frjálsan leik. Áfram verður unnið að þessum þætti þar sem alltaf þarf að huga að umhverfi deildarinnar.

Umbótaþátturinn hópastarf og vinna með Lubbi finnur málbein gekk mjög vel yfir skólaárið. Haldið var sama fyrirkomulagi og árið á undan þar sem börnunum er skipt í þrjá hópa, deildinni er skipt í þrjú svæði og er einn kennari á hverju svæði í viku í senn. Hópastarf fer fram þrjá daga í viku og fer hver hópur á hvert svæði einu sinni í viku, með því fyrirkomulagi fær hver hópur að njóta allra kennara. Í hópastarfi tókum við fyrir ákveðin þemu í mislangan tíma yfir veturinn en tíminn fór eftir umfangi hvers þema. Á einu svæði er unnið með Lubbi finnur málbein, á því næsta er lögð áhersla á sköpun, tónlist og/eða hreyfingu tengt þemanu og á síðasta svæðinu er lögð áhersla á málörvun tengdri þemanu. Unnið verður áfram með



sama fyrirkomulag á hópastarfi þar sem tekin verða fyrir nokkur þemu yfir næsta skólaár og lögð verður áhersla á þemavinnu út frá bókinni *Orð eru ævintýri*.

Síðasti umbótaþátturinn, hlutverk barna í daglegu starfi, gekk að hluta til vel. Hlutverki umsjónarmanns var vel sinnt allan veturinn og var hvert barn umsjónarmaður mörgum sinnum. Hvert barn fékk eina umsjónarmannaskráningu í möppuna sína og var hópurinn spenntur fyrir „hver er umsjónarmaður í dag?“ allan veturinn. Á hverjum degi er eitt barn sem sinnir hlutverkinu og ná því börnin að vera umsjónarmaður einu sinni til tvisvar í mánuði. Hlutverkið garðstjóri var sinnt í tímabilum yfir veturinn, þar viljum við gera betur á næsta skólaári. Deildin á yfirferð á garði eina viku í senn á þriggja vikna fresti. Hlutverkið snyrtipinni komst aldrei í gang að hausti og féll því niður allan veturinn en það hlutverk fól í sér að aðstoða önnur börn við frágang í fataherbergi eftir útiveru ásamt því að sópa gólfið í fataherbergi. Því verður þátturinn hlutverk barna í daglegu starfi áfram í umbótaáætlun fyrir komandi skólaár með breyttum forsendum. Fyrir komandi skólaár ætlum við að halda hlutverkinu snyrtipinni inni en gera breytingu á. Deildin sér um þvottahús leikskólans eina viku í senn á þriggja vikna fresti og mun eitt barn sinna hlutverkinu á degi hverjum í okkar viku. Þau munu aðstoða við að sækja hreinan þvott, brjóta hann saman og ganga frá á viðeigandi staði, vert að taka fram að börnin munu ekki koma að óhreinum þvotti. Áfram verður unnið með hlutverkin umsjónarmaður og garðstjóri í óbreyttri mynd.

Inn í umbótaáætlun komandi skólaárs er vináttufærni; að tilheyra og hlutverk kennara í leik og Lubbastjóri. Við ætlum að leggja ríkulega áherslu á vináttutengsl barnanna á deildinni og vinna út frá því með hlutverk kennara í leik barna að leiðarljósi. Lubbastjóri er hlutverk sem var þróað á Lóudeild fyrir nokkrum árum. Með því er hvert barn upphafið yfir þann tíma sem það er Lubbastjóri, en barnið lærir ásamt hinum börnunum um mismunandi málhljóð yfir skólaárið.





Innra mat Lóudeildar 2025-2026

Umbótaþættir Lóudeildar síðasta skólaár voru: *Hópastarf og Lubbi finnur málbein í hópastarfi og daglegu starfi*. Hópastarf skólaársins var með nýju sniði. Áður var börnunum skipt í þrjá hópa og hver kennari var með ákveðinn hóp allt skólaárið. Nýja skipulagið er þannig að börnunum er áfram skipt í þrjá hópa en deildinni er skipt í þrjú svæði, hver kennari á eitt svæði í viku í senn. Hópastarf fer fram þrjá daga í viku og fer hver hópur á hvert svæði einu sinni í viku, með því fyrirkomulagi fær hver hópur eina stund í viku með hverjum kennara. Við völdum þemu sem við vorum með í ákveðinn tíma og unnum verkefni tengd þessum þemum tvisvar í viku og Lubbastund einu sinni í viku. Þetta fyrirkomulag gekk ágætlega en það eru tækifæri til bætinga.

Lubbi finnur málbein í hópastarfi og daglegu starfi gekk einnig ágætlega. Lubbastundirnar voru inni í hópastarfinu og þegar hópastarfið gekk vel gekk Lubbi vel. Við tókum okkur of langan tíma í fyrstu málhljóðin því það var ekki gerð skýr áætlun í upphafi. Við erum með veggspjald með málhljóðunum uppi á vegg og höfum safnað málbeinum við það. Einnig notum við Lubba-táknin alltaf í samverustund þegar við tölum um hvaða ávextir eru í boði og förum yfir tákn barnanna. Lubbi verður áfram í umbótaþætti um hópastarf en verður ekki sér umbótaþáttur næsta skólaár.



Næsta skólaár ætlum við að þróa hópastarfið enn frekar. Við ætlum að skipta hópastarfinu í þrjú svæði eins og áður. Á svæði 1 verður unnið með þemu tengd *Orð eru ævintýri*, á svæði 2 verður sköpun/tónlist/hreyfing og á svæði 3 unnið með *Lubbi finnur málbein*. Hver kennari er á svæði í viku í seinn og gerir sama/svipað verkefni með öllum hópunum. Við stefnum að því að velja þemu í tengslum við bókina *Orð eru ævintýri* og vinna verkefni í tengslum við þemun og nýta aukaefnið sem fylgir bókinni, tengja listsköpun/tónlist/hreyfingu við þessi þemu og gera skipulag fyrir málhljóð Lubba. Í litlum hópum gefst kennurum tækifæri til þess að mæta þörfum hvers og eins, fylgjast með framförum og styðja við nám hvers barns. Með hópastarfinu viljum við efla orðaforða barna ásamt því að efla félags- og vináttutengsl í minni hópum. Einnig viljum við að þau fái að vinna mikið með sköpun, hreyfingu og tónlist því börn þjálfar svo margt í gegnum sköpun og hreyfingu.

Annar umbótapáttur Lóudeildar er almenn málörvun. Við erum með almenna málörvun á hverjum degi, spjall, setja orð á athafnir og fleira en við viljum leggja aukna áherslu á málörvun næsta skólaár. Við ætlum að velja bók vikunnar/tveggja vikna/mánaðarins, lesa hana, spjalla um, velja ákveðin orð og fleira tengt þessari bók. Einnig ætlum við að leggja áherslu á *Gefðu 10* og virkja það betur en þetta skólaár. Að lokum ætlum við að gefa atkvæðum og rími meira rými hjá okkur, setja upp rím-myndir og æfa okkur að ríma og klappa atkvæði. Þetta viljum við gera til þess að auka orðaforða barna og efla hljóðkerfisvitund þeirra. Með því að leggja aukna áherslu á málörvun stuðlum við að góðum orðaforða barna og getum einnig gripið inn í með snemmtækri íhlutun ef við sjáum að einhver börn þurfa meiri örvun.





Umbótaáætlun deilda 2026-2027

Umbótaáætlun Krummadeildar

Krummadeild / 4-6 ára	
Umbótapáttur/matspáttur	Veðurfræðingur
Tækifæri til umbóta	Með því að bæta við veðurfræðingi fær barnið tækifæri til að fylgjast með umhverfi sínu, ræða veðurfar og þjálfra orðaforða, athygli og tjáningu. Hlutverkið stuðlar einnig að auknum skilningi á náttúrunni og þeim þáttum sem hafa áhrif á daglegt líf.
Aðgerðir til umbóta	Skráning verður haldin yfir veðurfræðing. Starfsmaður sem stjórnar ávaxtastund hverju sinni velur veðurfræðing dagsins og aðstoðar barnið við að skoða veðrið og velja viðeigandi útifatnað með stuðningi frá myndrænu skipulagi á loðtöflu.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok	ágúst – júlí.



Hvenær og hvernig á að meta	Vikulega hjálpast starfsfólk við að minna hvort annað á þetta nýja hlutverk. Veðurfræðingur verður svo reglulega ræddur á deildarfundum starfsmanna þar sem athugað er hvernig gengur.
Viðmið um árangur	Eitt barn verður veðurfræðingur á hverjum degi og ætti hvert barn þá að sinna því hlutverki nokkrum sinnum yfir skólaárið. Börnin læra orðaforða á borð við tölur, mánuði, vikudaga, árstíðir, veðurfar og útífatnað.

Krummadeild / 4-6 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Hópastarf
Tækifæri til umbóta	Með því að fjórir kennarar skipta um hópa á fjögurra vikna fresti kynnast börnin mismunandi kennurum, verkefnum og vinnuaðferðum. Það eykur tengsl kennara við fleiri börn og gefur þeim betri yfirsýn yfir hópinn. Þemamiðað hópastarf styður við nám barna í gegnum leik, rannsóknir og samskipti. Í sameiginlegum verkefnum æfa þau jafnframt samvinnu, tillitssemi og jákvæð samskipti.
Aðgerðir til umbóta	Premur hópum verður skipt milli kennara á fjögurra vikna fresti. Þannig fá kennarar tíma til undirbúnings og stuðnings við aðra hópa.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok	September – júní.
Hvenær og hvernig á að meta	Hópastarf verður rætt á deildarfundum reglulega þar sem athugað er hvernig gengur.
Viðmið um árangur	Börnin taka virkan þátt í hópastarfi með mismunandi kennurum og börnum, sem styður við félagsfærni þeirra og aðlögun að nýjum aðstæðum. Þau mynda fjölbreytt tengsl, á meðan kennarar fá betri yfirsýn yfir styrkleika, áhuga og þarfir barnanna. Fjölbreytt verkefni og vinnuaðferðir auka þátttöku og áhuga.





Krummadeild / 4-6 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Elstu barna stundir
Tækifæri til umbóta	Þegar elstu börnum leikskólans eru falin verkefni sem hæfa aldri þeirra og þroska, upplifa þau að hæfni þeirra og reynsla skiptir máli. Það getur aukið vellíðan þeirra, ábyrgðarkennd og tilfinningu fyrir komandi tímum í þeirra lífi. Jafnframt gefast þeim tækifæri til að sýna öðrum börnum fyrirmyndarhegðun, styrkja samskiptafærni sína í gegnum samvinnu og sameiginlega ábyrgð.
Aðgerðir til umbóta	Ásamt þeim vettvangsferðum og heimsóknum í grunnskólann yfir árið viljum við bæta við eldri barna stundum einu sinni í viku. Mikilvægt er að elstu börn leikskólans fái reglulega og markvissa stund saman þar sem þau upplifa á jákvæðan hátt þá stöðu að vera elst í leikskólanum. Einnig að gefa börnunum tækifæri til að efla einbeitingu, sjálfstæði, samskiptafærni, hlustun og getu til að fylgja fyrirmælum. Hvert barn fær teygjumöppu og pennaveski sem nýtt verður í stundunum.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok	September – júní.
Hvenær og hvernig á að meta	Deildarstjóri undirbýr stundirnar sem unnið er að hverju sinni. Stundirnar verða ræddar reglulega á deildarfundum.
Viðmið um árangur	Elstu börnin gera sér nokkra grein fyrir því hvernig grunnskólinn mun verða. Þau geta farið eftir einföldum fyrirmælum og sýna spennu og tilhlökkun þegar þau kveðja leikskólann og fara í grunnskóla.





Umbótaáætlun Spóadeildar

Spóadeild / 3-5 ára	
Umbótaþáttur	Vináttufærni: að tilheyra og hlutverk kennara í leik
Tækifæri til umbóta	Að hvert barn eigi vin og upplifi sig tilheyra hópnum á deildinni. Einnig verður haldið áfram með vinnu sem snýr að hlutverki kennara í leik.
Aðgerðir til umbóta	Vináttutengslakönnun að hausti og aftur að vori. Eftir hvora vináttutengslakönnunina fundar starfsfólk deildarinnar og metur út frá því hvar þörf er á inngripi. Deildarstjóri ræðir við starfsfólk um mikilvægi þess að eiga vin og að tilheyra hóp. Farið verður í hlutverk kennara í leik barna og settar verða upp myndrænar leiðir fyrir starfsfólk til að styðjast við; til hvers er ætlast af þeim í leik barna.
Ábyrgð	Deildarstjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok	September - maí.
Hvenær og hvernig á að meta	Lesið í niðurstöður vináttutengslakönnunar að hausti og aftur að vori, metið út frá því hvernig hefur gengið að öll börn upplifi að þau tilheyri hópnum. Rætt á deildarfundum, rýnt í hvernig starfsfólki



	finnst ganga hjá þeim börnum sem hafa þurft á stuðningi kennara í leik að halda.
Viðmið um árangur	Að niðurstöður vináttutengslakönnunar að vori sýni að flest ef ekki öll börn upplifi sig eiga vin að vori og séu valin af öðrum. Að sjá að vinna sem hefur verið farið í að hausti vegna vináttustöðu barns/barna skili árangri, að hlutverk kennara í leik skiptir máli.

Spóadeild / 3-5 ára	
Umbótaþáttur	Lubbastjóri; Lubbi finnur málbein
Tækifæri til umbóta	Að upphefja hvert barn sem er Lubbastjóri hverju sinni. Efla hljóðkerfisvitund barnanna þar sem þau læra um málhljóðið sem lögð er áhersla á hverju sinni.
Aðgerðir til umbóta	Einn starfsmaður sem hefur reynslu af verkefninu af annarri deild sér um að kenna öðru starfsfólki og aðstoðar það að tileinka sér að vinna með Lubbastjóra.
Ábyrgð	Einn ákveðinn starfsmaður deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok	September - júní.
Hvenær og hvernig á að meta	Skráningablað þar sem passað er upp á að öll börnin sinni hlutverkinu Lubbastjóri einu sinni yfir skólaárið. Meta á deildarfundum undir lok haustannar og einu sinni undir lok vorannar, skoða þá hvernig til hefur tekist og eftir fyrri fund er hægt að bæta eftir þörfum og fylgja því eftir á næstu deildarfundum á eftir.
Viðmið um árangur	Að öll börnin á deildinni séu með skráningu í möppunni sinni þar sem þau sinna hlutverkinu Lubbastjóri.



Spóadeild / 3-5 ára	
Umbótaþáttur	Hlutverk barna í daglegu starfi
Tækifæri til umbóta	Virkja börn til þátttöku og sjálfstæðis, að þau fái hlutverk til að sinna með starfsmanni og að þau finni að þau skipti máli. Efla orðaforða þeirra tengdum þeim hlutverkum sem þau sinna hverju sinni.
Aðgerðir til umbóta	Haldin verður skráning yfir hvert hlutverk þar sem skráð er hvenær hver sinnir hvaða hlutverki. Það er einnig gert sjónrænt þannig að börnin sjá með myndum hver er að sinna hvaða hlutverki dag hvern. Starfsfólk ræðir við börnin um hvað þau eru að gera þegar þau sinna hlutverkinu, með því eflist orðaforði barna tengt til dæmis eldhúsi og þvottahúsi sem er orðaforði sem börn læra oft bara á heimatungumáli sínu.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allt starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok	September - júlí.
Hvenær og hvernig á að meta	Farið verður yfir skráningar á deildarfundum einu sinni í mánuði og rætt um hvernig gengur til að halda starfsfólki við efnið.
Viðmið um árangur	Að hvert barn sinni hlutverki umsjónarmanns einu sinni til tvisvar í mánuði. Að hvert barn sinni bæði hlutverki garðstjóra og snyrtipinna einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn.





Umbótaáætlun Lóudeildar

Lóudeild/1-3 ára	
Umbótapáttur	Hópastarf
Tækifæri til umbóta	Að hvert barn fari í hópastarf þrisvar sinnum í viku og geri verkefni sem henta aldri þess og þroska í litlum hópi.
Aðgerðir til umbóta	Gera skýrt skipulag fyrir starfsfólk sem auðvelt er að fylgja. Ræða og skipuleggja hópastarf á deildarfundum og velja þemu. Allir starfsmenn skipuleggja hópastarf fyrir fram (en samt að vera sveigjanleg og tilbúin að elta áhuga barnanna). Gera skýrt skipulag fyrir málhljóð vikunnar í Lubba. Deildarstjóri aðstoðar starfsfólk við að finna viðfangsefni sem tengjast þemunum.
Ábyrgð	Deildarstjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok	September – maí.
Hvenær og hvernig á að meta	Hópastarfið verður metið á deildarfundum jafnt og þétt yfir skólaárið. Skráningar úr hópastarfi, leikskráningar og myndir.
Viðmið um árangur	Að hvert barn fari í hópastarf í hverri viku. Að börnin séu spennt fyrir hópastarfi og ánægð með það sem boðið er upp á hverju sinni. Skimun í upphafi og lok hvers þema tengt <i>Orð eru ævintýri</i> .

Lóudeild/1-3 ára	
Umbótapáttur	Málörvun
Tækifæri til umbóta	Að leggja mikla áherslu á málörvun á deildinni með lestri bóka, <i>Gefðu 10</i> , atkvæðum og rími.
Aðgerðir til umbóta	Velja bækur fyrir ákveðin tímabil (vikur, tvær vikur, mánuð), ákveða hvernig á að nota þær, velja orð úr þeim og lesa þær oft fyrir börnin. Virkja <i>Gefðu 10</i> aftur með góðu skipulagi. Gefa





	atkvæðum og rími meira rými á deildinni, klappa atkvæði og ríma í samverustundum, setja rím-myndir upp á vegg.
Ábyrgð	Deildarstjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok	September – maí.
Hvenær og hvernig á að meta	Meta hvernig gengur á deildarfundum, hvort börnin séu að bæta við sig orðaforða, hvort þeim fari fram í atkvæðum og rími.
Viðmið um árangur	Metið á fundum hvernig börnin bregðast við aukinni markvissri málörvun. Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla.



F. h. Leikskólans

Sigrún Grétarsdóttir
Leikskólastjóri

01.06.2026



